

# Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

## Starfsskýrsla 2019



***BROKEY***

*SIGLINGAFÉLAG REYKJAVÍKUR*

## Stjórnir, nefndir og starfsfólk

Hér er yfirlit yfir stjórnir og nefndir félagsins á árinu 2019.

### Stjórn:

Ólafur Már Ólafsson, formaður  
Ragnar Tryggvason, gjaldkeri  
Arnar Freyr Jónsson  
Gunnar Haraldsson  
Marcel Mendes da Costa  
Hulda Lilja Hannesdóttir, ritari og varamaður  
Úlfur Helgi Hrjóbjartsson, varamaður

### Kænudeild

Marcel Mendes da Costa, íþróttafulltrúi  
Gunnar Haraldsson

### Húsbygginganefnd

Ólafur Már Ólafsson  
Úlfur Helgi Hrjóbjartsson

### Bryggjustjóri

Arnar Freyr Jónsson

### Keppnisnefnd

Baldvin Björgvinsson, formaður  
Aron Árnason  
Magnús Arason

### Heimasíðunefnd / Samskiptamiðlar

Áki Guðni Karlsson  
Baldvin Björgvinsson  
Magnús Arason

### Skoðunarmenn

Guðmundur I. Bergþórsson  
Valgeir Magnússon

### Starfsmenn félagsins

---

#### Starfsmaður á bryggju

Áki Guðni Karlsson  
Jamie Solberg, afleysingar

#### Starfsmenn kænudeildar

Karl Brady, yfirþjálfari  
Gunnar Kristinn Óskarsson, þjálfari  
Atli Gauti Ákason  
Ásgeir Kjartansson  
Hólmfríður Gunnarsdóttir

## FÉLAGSSTARFIÐ

Félagstarfið hefur, líkt og undanfarin ár, verið mest yfir sumarmánuðina, þótt það leggist síður en svo af yfir veturinn. Eftir að stjórnin var kosin og skipti með sér verkum þá hefur töluvert gerst hjá félaginu.

Eftir ítarlega skoðun sérfræðinga þá voru gámarnir sem félagið hefur haft til afnota á Ingólfsgarði og voru í eigu Reykjavíkurborgar dæmdir ónýtir og óskaði stjórnin eftir því við fulltrúa Reykjavíkurborgar að fjarlægja þá við fyrsta tækifæri. Félagið tók síðan á leigu gáma til að geta haldið starfi félagsins á Ingólfsgarði áfram og komu þeir í byrjun júní. Samkvæmt samningi við Faxaflóahafnir sér félagið um móttöku og þjónustu við gestaskútur sem koma til Reykjavíkur. Því var nauðsynlegt að leigja gáma með salernis- og sturtuáðstöðu, bæði til að halda uppi félagstarfi og halda úti móttöku við gesti. Gámarnir voru svo fjarlægðir þann 30. september síðast liðinn og allt dót flutt í Nauthólsvík þar sem útbúin var tímabundin aðstaða fyrir félagið.



Fertugasta og níunda þing Íþróttabandalags Reykjavíkur var haldið dagana 20. og 21. mars. Formaður Brokeyjar sat þingið fyrir hönd félagsins.

### Afrekssjóður.

Á stjórnarfundi 5. mars ákvað stjórn félagsins að stofna sérstakan afrekssjóð og leggja honum til 400.000 kr. í stofnfé. Þann 15. júlí var auglýst eftir umsóknum í sjóðinn. Alls bárust sjóðnum 5 umsóknir í þessa fyrstu úthlutun. Á stjórnarfundi þann 8. ágúst 2019 var síðan ákveðið að veita í fyrsta sinn styrki úr Afrekssjóði félagsins.

Styrkur að fjárhæð 50.000 kr. fengu þau; Árni Friðrik Guðmundsson, Hólmfríður Kolbrún Gunnarsdóttir, Ólafur Áki Kjartansson og Tara Ósk Markúsdóttir. Styrkirnir voru veittir vegna keppnisferðar á Nordic Youth Championship í Fjærhomen í Noregi sem haldið var 29. júlí – 3. ágúst 2019.

Hulda Lilja Hannesdóttir fékk styrk að fjárhæð 100.000 kr. vegna þátttöku á Evrópumeistaramóti á Laser Radial í Porto, Portúgal sem haldið var daganan 16. – 27. maí 2019.

Kranadagur var 25. apríl og byrjað var kl. 9 og tókst vel með aðstoð góðra félaga. Flestallir bátar sem geymdir voru yfir veturinn í Gufunesi fóru á flot.

## MBL-Mótaröðin

Farið var í samstarf við MBL um birtingar og aukna umfjöllun um siglingar og fékk því Reykjavíkurreiðarmót kjölbáta nýtt nafn í sumar *MBL-Mótaröðin*, en hún hófst 21. maí og alls voru sigldar 15 keppnir í sumar og aðeins þrjár féllu niður vegna veðurs. Mótið var afar gott og fjöldi báta tók þátt eins og undanfarin ár. Svo fór að áhöfnin á Bestu sigraði nokkuð örugglega.



Sæti	Bátur	Seglanúmer	Forgjöf	Félag	Samtals
1	Besta	ISL9837	0,940	Brokey	25
2	Sigurborg	ISL 9845	0.930	Ýmir	38
3	Dögun	ISL 1782	0.838	Brokey	41

*Opnunarmót kæna* sem átti að fara fram 18. maí var því miður aflýst vegna veðurs.

Þytur hélt *Opnunarmót kjölbáta* sem fór fram 25. maí. Úrslit mótsins voru eftirfarandi:

Bátur	Félag	Forgjöf	Sigldur tími	Leiðréttur tími	Sæti
Sif	Ýmir	0,939	02:11:19	02:03:18	1
Sigurborg	Ýmir	0,930	02:15:18	02:05:50	2
Dögun	Brokey	0,838	02:35:03	02:09:56	3
Ásdís	Þytur	0,821	03:09:12	02:35:20	4
Ögrun	Brokey	DSQ			
Ísmolinn	Þytur	DNC			

Að venju hélt Siglingafélag Reykjavíkur *Hátíð hafsins* sem fór fram 1. júní við mjög góðar aðstæður. Þessi keppni hefst að venju með látum en startað er inni í höfninni við Faxagarð. Alls tóku fjórir bátar þátt í keppninni í ár. Áki Guðni Karlsson keppnistjóri startaði keppninni með aðstoð Landhelgisgæslunnar sem skaut úr fallbyssu svo undir tók í Kvosinni. Úrslitin voru eftirfarandi:

Bátur	Félag	Forgjöf	Sigldur tími	Leiðréttur tími	Sæti
Besta	Brokey	0,940	01:01:19	00:57:38	1
Sigurborg	Ýmir	0,930	01:02:37	00:58:14	2
Dögun	Brokey	0,838	01:10:45	00:58:44	3
Sigurvon	Brokey	0,938	01:03:56	00:59:58	4

Siglingafélagið Ýmir hélt *miðsumarmót kæna* og var það haldið 15. júní í Nauthólsvík. Úrslit urðu eftirfarandi:

Nafn	Félag	Bátur	Sæti
Hulda Hannesdóttir	Brokey	Laser Radial	1
Ríkharður Ólafsson	Ýmir	Laser Radial	2
Tara Ósk Markúsdóttir	Brokey	Laser Radial	3
Berglind Rún Traustadóttir	Þytur	Laser 4.7	4
Marcel Mendez da Costa	Brokey	Laser Standard	5

*Faxaflóamót kjölbáta* sem Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey heldur árlega fór fram við frábærar aðstæður dagana 21. til 23. júní. Að venju var siglt til Akraness fyrsta daginn og kallast sá leggur „Spretturinn“ og eru verðlaun veitt sérstaklega fyrir fyrsta sætið í þeim legg. Síðan er keppt fyrir utan Akranes á laugardeginum og síðan til baka til Reykjavíkur á sunnudeginum. Í alla staði heppnaðist allt vel og var virkilega skemmtileg keppni. Keppnistjóri var Aðalsteinn Jens Loftsson. Úrslit urðu þessi:

Bátur	Félag	Forgjöf	Sigldur tími	Leiðréttur tími	Sæti
Besta	Brokey	0,940	00:34:11	00:32:08	1
Sigurborg	Ýmir	0,930	00:34:34	00:32:09	2
Ísmolinn	Þytur	0,979	0:33:12	00:32:30	3
Ásdís	Þytur	0,821	DNS		4

Úrslit Faxaflóamótsins 2019 voru þannig:

Bátur	Félag	Stig	Sæti
Besta	Brokey	4	1
Sigurborg	Ýmir	8	2
Ísmolinn	Þytur	10	3
Ásdís	Þytur	19	4



Siglinganámskeiðin í Nauthólsvík voru eins og síðustu ár. Boðið var upp á æfingahópa fyrir byrjendur og lengra komna og svo var boðið upp á byrjendanámskeið sem voru mjög vinsæl. Fyrst var byrjað á einni viku en þegar leið á sumarið þá buðum við upp á tveggja vikna námskeið sem voru mjög vinsæl. Í allt voru um 38 þátttakendur. Starfið tókst gríðarlega vel í sumar og meðal nýjunga var boðið upp á opna fimmtudaga, en þar voru eldri siglarar og þeir sem ekki hafa siglt í mörg ár á kænu hvattir sérstaklega til að mæta og taka þátt. Þetta vakti mikla lukku og verður vonandi framhald næsta sumar. Það er klárlega tækifæri fyrir félagið að bjóða upp á námskeið fyrir fullorðna.

Æfingarhópur félagsins samanstendur af 12-14 siglurum sem æfa reglulega. Eins og áður þá bætist í hópinn þegar líður á sumarið og hámarkið er að sjálfsögðu Íslandsmótið í ágúst. Að auki var boðið upp á æfingar í Nauthólsvík langt fram eftir hausti eða allt til lok nóvember.

Æfingabúðir SÍL fóru fram í Nauthólsvík en félagið stóð fyrir þeim í ár dagana 29. júní til 6. júlí. Æfingadagskrá byrjaði að morgni sunnudagsins 30. júní og æft var alla daga fram að fimmtudegi. Föstudag og laugardag var svo haldið *Æfingabúðamót*. Það voru því miður einungis 15 siglarar sem komu og tóku þátt að þessu sinni en búðirnar tókust í alla stað mjög vel í frábæru veðri. Þjálfari Brokeyjar Karl Brady var yfirþjálfari og stóð sig með þryði. Fjöldi sjálfbóðaliða tók þátt í að gera þetta að góðum æfingabúðum og við í Brokey getum verið stolt af okkar baklandi. Við þökkum einni Center Hotels var aðalstyrktar aðili mótsins.



Úrslit Æfingabúðamótsins voru þannig:

Nafn (Opfimist flokkur)	Segl nr.	U-1	U-2	U-3	U-4	U-5	U-6	U-7	Samt.
Ólafur Áki Kjartansson	1	1	1	1	1	1	1	-1	6
Hrafnkell Stefán Hannesson	101	2	3	3	4	2	-5	2	16
Árni F. Guðmundsson		3	2	2	2	3	-4	4	16
Högni Haldórsson	118	4	4	4	3	5	3	-5	23
Tómas Yngvi Magnússon	107	DNS 6	DNS 6	DNS 6	DNS -6	4	2	3	27

Nafn (Opinn flokkur)	Bátur	U-1	U-2	U-3	U-4	U-5	U-6	U-7	Samt.	Samt. m/ brottkasti
Hulda Lilja Hannesdóttir	Radial	2	1	1	2	1	1	1	9	7
Ísabella Sól Tryggvadóttir	Radial	3	4	3	4	2	3	2	21	17
Daði Jón	Radial	1	5	5	6	3	2	3,5	25,5	19,5
Hólmi Friður Gunnarsdóttir	4,7	5	2	4	1	4	6	3,5	25,5	19,5
Ríkharður Daði Ólafsson	Radial	4	3	2	3	6	5	5	28	22
Tara Ósk Markúsdóttir	Radial	6	7	7	5	5	7	6	43	37
Marcel Mendez daCosta	Standard	7	6	6	7	9	4	7	46	37
Berglind Rún Traustadóttir	4,7	8	9	9	9	9	9	9	62	53



Það voru fjórir siglarar úr kænudeild Brokeyjar sem fóru erlendi í sumar og tóku þátt í Junior Nordic 2019 í samvinnu við SÍL. Þau stóðu sig öll með þríði og eru reynslunni ríkari.



Íslandsmót kæna sem átti að fara fram dagana 9. til 11. ágúst var því miður blásið af eftir töluverða bið eftir góðu keppnisveðri en alla dagana var verulega slæmt veður og því varð ekki hægt að keppa einu einustu umferð. Það var Siglingafélagið Ýmir sem stóð fyrir mótinu í ár en töluverður fjöldi keppenda var komin af öllu landinu til að taka þátt. Keppnisstjóri var formaður SÍL, Aðalsteinn Jens Loftsson.

Íslandsmót kjölbáta var haldið af Siglingafélagi Reykjavíkur - Brokey dagana 14. til 18. ágúst. Keppnisstjóri var formaður SÍL, Aðalsteinn Jens Loftsson. Aðstæður til að halda siglingakeppni voru mjög erfiðar yfir mótisdagana allt frá blanka logni upp í of mikinn vind. Þær keppnir sem tókst að klára fóru fram í sterkum vind sem olli ýmsum skemmdum á búnaði og reyndi mikið á áhafnirnar. Farið var inn á varadag keppinnar en allt kom fyrir ekki og ekki var hægt að sigla meira þannig löglegt væri. Því voru úrslitin látin standa eftir einungis tvær umferðir. Úrslitin voru þannig:

Bátur	Félag	Skipstjóri	Seglanr	Forgjöf	U-1	U-2	Samtals
Besta	Brokey	Baldvin Björgvinsson	ISL9837	0,940	1	1	2
Sigurvon	Brokey	Marcel Mendes da Costa	ISL9839	0,938	2	5	7
Dögun	Brokey	Þórarinn Á Stefánsson	ISL1782	0,838	6	2	8
Sigurborg	Ýmir	Jóhannes Sveinsson	ISL9845	0,930	5	3	8
Íris	Brokey	Aron Árnason	ISL7799	0,888	4	4	8
Ísmolinn	Þytur	Gunnar Geir Halldórsson	ISL2639	0,979	3	9	12
Ögrun	Brokey	Guðmundur Gunnarsson	ISL9800	0,985	7	9	16
Sif	Ýmir	Ólafur Bjarnason	ISL9836	0,939	9	9	18



Lokamót kjölbáta sem Siglingafélagið Ýmir stóð fyrir fór fram 31. ágúst við mjög góðar aðstæður. En eins og venja er startar keppnin við Ingólfsgarð og siglt er inn í Nauthólsvík. Úrslit urðu þessi:

Bátur	Félag	Forgjöf	Sigldur tími	Leiðréttur tími	Sæti
Dögun	Brokey	0,838	02:39:20	02:13:31	1
Besta	Brokey	0,940	02:30:40	02:21:38	2
Sigurborg	Ýmir	0,930	02:33:07	02:22:24	3
Sif	Ýmir	0,939	02:32:35	02:23:17	4

Þytur hélt Lokamót kæna og úrslit voru eftirfarandi:

Nafn	Félag	Bátur	Sæti
Hulda Hannesdóttir	Brokey	Laser Radial	1
Rúnar Steinsen	Þytur	Finn	2
Hólmfríður Gunnarsdóttir	Brokey	Laser 4,7	3
Marek Ari Baeumer.	Þytur	Optimist	4

Lokabrok félagsins var haldið hátíðlega þann 21. september en voru m.a. afhent verðlaun fyrir úrslit í MBL mótaröðinni 2019 sem áhöfnin á Bestu hlaut. Siglingakona ársins 2019 var valinn Hulda Lilja Hannesdóttir og siglingamaður ársins Baldvin Björgvinsson. Kvöldið tókst gríðarlega vel.



Í upphafi árs ákvað stjórn félagsins að halda áfram uppbyggingarstarfinu í Nauthólsvík og að þessu sinni var ákveðið að fjárfesta í nýjum öryggisbát af gerðinni VSR 5.4. Þessi bátur er sömu gerðar og var fyrir en gamli Zodinn fær nýtt hlutverk niður á Ingólfsgarði sumarið 2020 sem keppnisstjórabátur og til að aðstoða stærri gestaskútur sem leggjast þar að. Það er sannlega hægt að segja að bátakostur félagsins sé til fyrirmyndar þegar kemur að öryggi og starfsmannabúnaði fyrir þjálfara á sjó. Styrkur frá Reykjavíkurborg vegna báta og búnaðarkaupa fyrir árin 2019 og 2020 fór í þetta verkefni. Báturinn kom til landsins í desember s.l. Ljóst er að við munum missa aðstöðuna í Nauthólsvík með tilkomu brúar yfir Fossvog og því var fundað með Reykjavíkurborg um málefni félagsins. Borgin óskaði eftir þarfagreiningu fyrir kænustarf félagsins og var hún unnin og send til borgarinnar. Það bíður nýrrar stjórnar að fylgja þeirri þarfagreiningu eftir.





Metþátttaka var svo í *Áramóti* Ýmis sem er árlegur viðburður og fer fram síðasta dag ársins. Keppendur voru alls 9 talsins á 8 bátum frá Brokey og Ými. Sigldar voru tvær umferðir í mildu vorveðri og súld. Úrslit urðu þannig:

<i>Nafn</i>	<i>Félag</i>	<i>Bátur</i>	<i>U-1</i>	<i>U-2</i>	<i>Samtals</i>
Tara Ósk Markúsdóttir	Brokey	Laser R	2	1	3
Hulda Hannesdóttir	Brokey	Laser R	1	3	4
Gunnar Haraldsson	Brokey	Laser	5	2	7
Hólmfríður Gunnarsdóttir	Brokey	Laser 4.7	3	4	7
Markús Pétursson	Brokey	Laser	4	5	9
Árni og Ólafur	Brokey	Topaz	8	6	14
Þór Örn Flyering	Ýmir	Laser R	7	7	14
Tómas Zoega	Ýmir	Laser R	6	8	14



Alls voru haldin 5 námskeið á Sigurvon síðast liðið sumar og tókust öll mjög vel. Það var Áki Guðni Karlsson var starfsmaður félagsins sem sá um námskeiðin.

Kranadagurinn var 12. október en háflóð var um kl. 16:00. Færa þurfti töluvert af vöggum og þétt var bilið á milli báta, eins voru steinar færðir til þannig allir bátar geti bundið sig niður. Dagurinn tókst mjög vel og allir bátar komust klakklaust á land.

Uppskeruhátíð SÍL fór ekki fram árið 2019.

Erlendar gestaskútur voru alls 57 í ár og hefur heldur fækkað.


Tölulegar upplýsingar um gestaskútur:

- Meðallengd: 16.8m.
- Meðalfjöldi í áhöfn: 3.5
- Heildarfjöldi siglara: ca 241.
- Meðaldagafjöldi: 8


Áki Guðni Karlsson var starfsmaður félagsins s.l. sumar og stóð sig vel í alla staði. Flestar skúturnar þurfa einhverja aðstoð við hin ýmsu vandamál og þá er gott að hafa reynslubolta á bryggjunni.

Það var nóg að gera í húsnæðisnefndin í ár, samið var við Teiknistofunán Stika ehf að teikna nýtt hús á Ingólfsgarði. Þetta gerðu þær stöllur Magnea Guðmundsdóttir og Eva Huld Friðriksdóttir arkitektar. Haldnir voru fundir meðal annars með ÍBR, Faxaflóahöfnum, nokkrum ráðgjöfum og síðan ekki síst Reykjavíkurborg. Eins og áður hefur komið fram þá er lóð undir starfsemi félagsins Ingólfsgarði samþykkt hjá Reykjavíkurborg og

Faxaflóahöfnum en töluverð vinna hefur farið í að teikna upp nýtt hús og leggja fram breytingartillögu til Reykjavíkurborgar að auknu byggingarmagni á lóðinni umfram það sem deiluskipulag segir til um. Það er í vinnslu þessa dagana. Ef þetta fæst samþykkt þá er næsta skref að fá byggingatæknifræðing til að teikna upp húsið og leggja fram til endanlegrar samþykktar hjá Reykjavíkurborg og Faxaflóahöfnum. Að því loknu er hægt að leita til verktaka um að gefa tilboð í verkið og svo að sjálfstöðu að hefja byggingarframkvæmdir.



Jarðhæð



Önnur hæð

Fyrir hönd stjórnar, Ólafur Már Ólafsson, formaður